

Ávarp utanríkisráðherra á hátíðarsamkomu í Háskóla Íslands

Þriðjudaginn 27. janúar 2015 í tilefni af

70 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna og ári ljóssins 2015

Góðir gestir,

Heimurinn hefur sannarlega breyst mikið á þeim 70 árum sem liðin eru frá stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945. Stofnunin sjálf hefur líka tekið breytingum og fjöldi aðildarríkja hefur aukist jafnt og þétt. Með aðild Suður-Súdan árið 2011 urðu þau 193 en voru 55 þegar Ísland gerðist aðili árið 1946.

Verkefni og verksvið stofnunarinnar, og undirstofnana hennar, hafa margfaldast, bæði að tölu og í umfangi. Friður og öryggi, félagsleg- og efnahagsleg þróun, mannréttindi, alþjóðalög, mannúðarmál, heilbrigðismál. Fátt er Sameinuðu þjóðunum óviðkomandi.

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna segir meðal annars að aðildarríki þess ætli að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar og staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem stórar eru eða smáar.

Þetta eru háleit markmið og stundum virðist veruleikinn fjarri þeim. Áskoranirnar eru margar og flóknar eins og við lesum, sjáum og heyrum í fréttum og á samfélagsmiðlum dag hvern.

Það vantar svo sannarlega mikið upp á að markmið sáttmála Sameinuðu þjóðanna nái að fullu fram að ganga.

En Sameinuðu þjóðirnar eru þrátt fyrir allt helsta tækið sem við höfum til að stuðla að friði og þróun í heiminum. “If it didn’t exist, we would invent it” er

haft eftir Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra og fastafulltrúa Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ég tek undir með henni og ég kys líka að líta á glasið sem hálf fullt en ekki hálf tómt.

Í sögulegu samhengi hefur verið friðvænlegra í heiminum á síðustu áratugum en áður fyrr, aldrei í sögunni hefur krafan um lýðræðisþróun verið sterkari og mikill árangur hefur náðst í baráttunni gegn fátækt og hungri.

Með þessum orðum er ég ekki að gera lítið úr vanda líðandi stundar. Það er til dæmis óásættanlegt að hundruð þúsunda hafi látið lífið í stríðsátökum í Mið-Austurlöndum og milljónir flóttafólks búi þar við sára neyð; að á árinu 2014 hafi hluti Evrópuríkis verið ólöglega innlimaður í annað ríki; að mannréttindi séu fótum troðin vítt og breytt; og að milljónir barna í þróunarríkjum deyi árlega úr fátækt og sjúkdómum sem hægt er að lækna.

Þetta er í hnotskurn þær stóru áskoranir sem Sameinuðu þjóðirnar standa frammi fyrir. Og það er mikilvæg áminning að einmitt í dag eru liðin 70 ár frá því að fangarnir í Auschwitz útrýmingarþúðunum voru frelsaðir.

Ágætu gestir.

Til að Sameinuðu þjóðirnar nái sem bestum árangri er mikilvægt að öll aðildarríki leggi sitt af mörkum til málefna þar sem hvert og eitt þeirra getur stuðlað að vandaðri og upplýstri umfjöllun á grundvelli eigin þekkingar og reynslu.

Hér eftir, sem hingað til, er það metnaður okkar að Ísland taki virkan þátt í störfum Sameinuðu þjóðanna. Hluti þessa starfs er að gæta hagsmuna lands og þjóðar en við höfum líka margt fram að færa til að stuðla að framförum – hvort heldur sem er í okkar nánasta umhverfi eða alþjóðlega.

Framlög Íslands til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar á vegum hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna er lykilþáttur utanríkisstefnunnar. Og vart þarf að nefna starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem utanríkisráðuneytið stendur straum af og hefur reynst árangursrík leið til að miðla af þekkingu okkar til hagsbóta fyrir íbúa þróunarríkja.

Mótun nýrra þróunarmarkmiða, sem taka við af þúsaldarmarkmiðunum svokölluðu, verður eitt af stærstu verkefnum Sameinuðu þjóðanna á þessu ári. Ísland mun taka virkan þátt í þessari vinnu þar sem við leggjum áherslu á málefni hafsins, landgræðslu, jafnréttismál og orkumál.

Annað risavaxið verkefni sem verður í brennidepli er gerð nýs alþjóðasamkomulags um loftslagsmál sem samið verður um á ríkjaráðstefnu í París í desember.

---

Málefni hafsins eru sá málaflokkur sem er hvað mikilvægastur fyrir hagsmuni Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar hefur Ísland verið í fararbroddi allar götur síðan undirbúningur að gerð hafréttarsamningsins hófst með fyrstu hafréttarráðstefnunni árið 1958. Önnur ráðstefna var haldin árið 1960 og sú þriðja á tímabilinu 1973 til 1982. Það ár var samningurinn samþykktur sem markaði þáttaskil á sviði hafréttar. Hann hefur meðal annars að geyma ákvæði um landhelgi, efnahagslögsögu, landgrunn, úthafið, réttindi ríkja til fiskveiða og annarrar auðlindanýtingar, siglinga og flugs, verndun gegn mengun hafsins og lausn deilumála.

Aðildarríki samningsins eru nú 167 að tölu. Ísland var fyrsta vestræna ríkið sem fullgilti hann árið 1985 en gaman er að segja frá því að fyrr í þessum mánuði varð Palestína nýjasta ríkið til að fullgilda samninginn.

Hafréttur er málefнасvið sem er í stöðugri þróun þar sem áratuga reynsla og þekking Íslendinga nýtist, bæði hvað okkar eigin hagsmuni áhrærir og í þágu sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda á heimsvísu.

Það staðfestir sterka stöðu Íslands á þessu sviði að frá því að Alþjóðlegi hafréttardómurinn hóf störf árið 1996 hafa tveir Íslendingar verið kjörnir dómarar við dóminn.

Ágætu fundargestir.

Það er mikið í húfi við mótun nýrra þróunarmarkmiða því þúsaldarmarkmiðin hafa reynst afar gagnlegt leiðarljós í alþjóðasamstarfi síðustu fimmtán árin.

Okkur er hvatning að vita að frá aldamótum til ársins 2010 tókst að lyfta 700 milljónum manna upp úr sárustu fátækt, að barnadauði drógst saman um helming og mæðradauði um 45 prósent til ársins 2013.

En betur má ef duga skal. Alþjóðasamfélagið þarf að halda áfram þar sem vel gengur og setja aukinn kraft í þau málefni sem hafa orðið útundan.

Nýju þróunarmarkmiðin eiga að tryggja okkur öllum betri framtíð, bæði þróunarríkjum og þróuðum ríkjum. Til að það takist þurfum við að leggja áherslu á umhverfismálin ekki síður en félagslega og efnahagslega þróun, með sjálfbærni að leiðarljósi.

---

Á þessu ári fögnum við ekki bara 70 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna heldur líka því að 20 ár eru liðin síðan fjórða kvennaráðstefnan var haldin í Peking.

Það er mikilvægt að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna noti þessi tímamót til að setja aukinn kraft í framkvæmd skuldbindinganna sam voru samþykktar í

Peking. Við erum stolt af því að styðja UN Women til að standa fyrir kynningarherferð og vitundarvakningu um allan heim af þessu tilefni.

Rakarastofuráðstefnan svonefnda, sem var haldin í New York fyrir skömmu, er hluti af framlagi okkar til þess að efla jafnréttisumræðuna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og styðja HeForShe átakið sem UN Women hefur hleypt af stokkunum, með því að virkja karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og gegn kynbundnu ofbeldi.

Ráðstefnan tókst með afbrigðum vel að okkar mati. Hún var vel sótt og skilaboðin voru skýr, þótt þáttakendurnir væru mjög ólíkir - svo ekki sé meira sagt: Stjórnámálmenn, diplómatar, blaðamenn, fræðimenn, 13 ára baráttumaður fyrir jafnrétti, skemmtikraftur, athafnamaður, hermaður og ruðningskappi.

Viðburðurinn vakti mikla athygli, bæði innan Sameinuðu þjóðanna og meðal fjölmiðla, og nú er mikilvægt að nýta það til fulls með áframhaldandi áherslu á þetta brýna málefni.

Góðir gestir,

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefst á orðunum „Vér hinar sameinuðu þjóðir...“ Þar er sem sagt talað um „þjóðir“ - fólk - en ekki ríki. Það er því mikilvægt að kynna það margvíslega starf sem unnið er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, efla þekkingu og skilning á því, og ekki síður á framlagi Íslands.

Hér skiptir miklu máli það góða starf sem er unnið á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna, landsnefndar UN Women og landsnefndar UNICEF hér á landi. Ég fagna afbragðsgóðu samstarfi stjórnvalda og þessara félaga og er þess fullviss að sá meðbyr sem afmælisárið felur í sér mun gera okkur kleift að vekja athygli á mikilvægi Sameinuðu þjóðanna fyrir allt mannkyn.

Átak UNESCO til að fagna ári ljóssins er gott dæmi þar sem Sameinuðu þjóðirnar vekja athygli á því sem mannhugurinn getur áorkað. Ljóstæknin er eitt af þeim undrum sem hafa gjörbreytt lífinu á jörðinni. En þessum gæðum er misskipt því enn í dag býr einn og hálfur milljarður jarðarbúa við lítinn eða engan aðgang að ljóstækni.

Þessu viljum við breyta. Og þess vegna erum við hér í dag.

Ég þakka þeim sem komið hafa að undirbúningi þessarar ánægjulegu hátíðarstundar og ég þakka börnunum úr alþjóðaskólanum sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Þá óska ég Sameinuðu þjóðunum - okkur öllum - til hamingju með afmælisárið.

Takk fyrir.